

Lög

um

Nr. 9
2. ágúst

viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í samþykkt má enn fremur ákveða, að veita megi sjerverslunum undanþágu, að því er snertir lokunartíma sölubúða, gegn hæflegu árgjaldi, sem stjórnarráðið ákveður, samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar, fyrir eitt ár í senn, og renna skal í bæjarsjóð.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 20—500 krónur, fyrir brot. Sektir allar renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

3. gr.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. ágúst 1918.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson,